Svarti þrællinn.
Smásaga frá Vesturheimi. 8.

1 blað. Rithönd og höfundur ókunnur.
Athugasemd Jóns Pálssonar:
Lesið upp á fundi 6.nóvember
1938. Sennilega á samkomu
Fuglavinafélagsins Fönix.

Lesið á fundi
6/11-38

# Svarti þrællinn.

Svartur þræll í Louisiana í Vesturheimi, sem hafði keypt stolna fjármuni, var dreginn fyrir rétt eins og þjófur, og samkvæmt lögunum dæmdur til hýðingar. Hann kvartaði yfir ~~þeim~~ þessum dómi, og sagðist ekki hafa stolið sjálfur, heldur einungis keypt stolna fjármuni, en dómarinn sagði honum að þetta væri ~~öldungis~~ öldungis það sama, og að það lægi sama hegning við hvorutveggja. „Eru", sagði þrællinn, „eru þá hvítir mennirnir líka flengdir, þegar þeir kaupa stolið góss"? „Vissulega eru þeir það„ svaraði dómarinn. „Þá er best," mælti þrællinn, „að fara undir eins og flengja húsbónda minn, því hann hefir keypt mig, þótt hann vissi, að mér hafði verið stolið úr föðurlandi mínu."